



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

| | |
|-------------------------------|--|
| Málsheiti og nr. | Frumvarp um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011. FRN23090064 |
| Ráðuneyti /verkefnisstjóri | Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti |
| Innleiðing EES- gerðar? | <input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei |
| Dags. | 6.11.2023 |

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Árið 2011 voru sett ný lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Með lögunum var sett á fót réttindavakt innan ráðuneytisins og kveðið á um svæðisbundna réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk og persónulega talsmenn fyrir fatlað fólk.

Árið 2012 bættist við kafli um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Meginefni kaflans er eftirfarandi:

- Kveðið er skýrt á um að beiting nauðungar gagnvart fötluðu fólki sé bönnuð nema veitt hafi verið undanþága samkvæmt lögunum eða um sé að ræða neyðartilvik. Bannið nær einnig til fjarvöktunar sem fer fram á heimilum fólks.
- Heimilt er að veita undanþágu frá banni við beitingu nauðungar og fjarvöktun í sérstökum einstaklingsbundnum tilfellum, enda sé tilgangur hennar að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni, eða að uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklings.
- Skipuð verður sérstök nefnd til að fjalla um beiðnir um undanþágur og taka afstöðu til þeirra.
- Feli beiðni í sér ráðagerð um viðvarandi eða varanlega skerðingu á ferðafrelsi einstaklings skal henni vísað til dómstóla.
- Í neyðartilvikum er heimilt að beita nauðung til að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða röskun á almannahagsmunum.
- Skipað verður sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar. Það skal vera til ráðgjafar og leiðbeiningar fyrir þjónustuveitendur, veita umsagnir um beiðnir um undanþágur frá banni við beitingu nauðungar og fjarvöktun og taka við tilkynningum um beitingu nauðungar og fjarvöktun.
- Kveðið er á um skráningu allra atvika sem fela í sér nauðung eða fjarvöktun, hvort sem fengið hefur verið leyfi fyrir henni eða ekki.

Nú, 12 árum síðar, hefur fengist ágæt reynsla á lögin og þróun orðið í málaflokki fatlaðs fólks. Í ljós hefur komið að þörf er á að skýra betur tiltekin atriði laganna og gera breytingar á þeim í ljósi fenginnar reynslu.

Þá hefur forsætisráðherra lagt fram frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands sem gerir m.a. ráð fyrir að réttindagæslumenn færast undir nýja og sjálfstæða mannréttindastofnun og að eftirlit með samningum um persónulega talsmenn færast til sýslumanna.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Til skoðunar er að bæta úr ýmsum atriðum laganna í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra. Meðal þess sem kemur til skoðunar er að skýra ákvæði um hlutverk og heimildir persónulegra talsmanna. Þá er talin þörf á að skoða ákvæði V. kafla laganna um ráðstafanir til

að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk, m.t.t. þess hvernig betur megi tryggja réttarvernd þeirra einstaklinga sem þar eiga í hlut.

Í tengslum við frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands þar sem lagt er til að réttindagæslumenn flytjist undir stofnunina og samningar um persónulega talsmenn flytjist til sýslumanna, er lagt til að skoða hvort gera þurfi frekari breytingar á ákvæðum réttindagæslulaga um réttindagæslumenn og persónulega talsmenn.

Þá verða ákvæði laganna yfirfarin m.t.t. ákvæða samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, en unnið er að innleiðingu samningsins með landsáætlun um innleiðingu samningsins. Fyrirhugað er að lögfesta samninginn á yfirstandandi kjörtímabili, en kveðið er á um það í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Sér í lagi kemur ákvæði 12. gr. samningsins til skoðunar við yfirferðina, en ákvæðið varðar stuðning við nýtingu löghæfis.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Talin er þörf á að skerpa á ákvæðum laganna til að treysta réttarvernd þeirra sem í hlut eiga.

B.

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Í sáttmála stjórnarflokkanna um ríkisstjórnarsamstarf frá 2021 segir um málaflokk fatlaðs fólks að lögfesta skuli samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að sett verði á fót ný Mannréttindastofnun. Þá kemur fram að tryggja skuli jafnræði í þjónustu við fatlað fólk, m.a. með samráði ríkis og sveitarfélaga um endurmat á kostnaði við málaflokk fatlaðra og með því að festa í sessi framtíðarfyrirkomulag NPA-þjónustu. Menntunartækifæri skulu tryggð fyrir fatlað fólk.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmið lagabreytinganna er að skýra ákvæði réttindagæslulaga og styrkja þar með réttarvernd fatlaðs fólks og tryggja því viðeigandi stuðning í samræmi við ákvæði SRFF sem lögfesta á á yfirstandandi kjörtímabili skv. stjórnarsáttmála.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert er aðhafst er óskýrleika laganna varðandi t.d. þær heimildir sem persónulegir talsmenn hafa viðhaldið og óbreyttu ástandi varðandi nauðung í þjónustu við fatlað fólk.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Önnur úrræði en lagasetning eru ekki talin fullnægjandi.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Mögulegar leiðir eru annars vegar setning nýrra heildarlaga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og hins vegar breyting á gildandi réttindagæslulögum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Áformað er að gera breytingar á gildandi réttindagæslulögum þar sem fyrirhugaðar breytingar fela aðeins í sér lagfæringar á lögnum og því ekki talin þörf á nýjum heildarlögum.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Fyrirhugað er að skýra ákvæði um hlutverk og heimildir persónulegra talsmanna og um samninga um persónulega talsmenn og eftirlit með þeim, og gera breytingar á ákvæðum um sérfræðiteymi og undanþágunefnd í V. kafla laganna með það að markmiði að tryggja betur réttarvernd fatlaðra einstaklinga sem kunna að vera beittir nauðung eða fjarvöktun.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Já. Stjórnarskrá, mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Taka þarf tillit til lögræðislaga nr. 71/1997, laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Þá hefur frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands áhrif á áformaða lagasetningu. |

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra, þjónustuaðilar, s.s. sveitarfélög og einkaaðilar sem veita fötluðu fólki þjónustu. Réttindagæsla fatlaðs fólks, sérfræðiteymi og undanþágunefnd sem starfa skv. lögum nr. 88/2011 auk sýslumanna, forsætisráðuneytis og dómismálaráðuneytis.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Já, við mannréttindamál sem forsætisráðuneytið fer með, s.s. frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands, og við lögræðislög og sýslumenn sem heyrir undir dómismálaráðuneytið.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Óskað var eftir ábendingum frá helstu hagsmunaaðilum um atriði sem aðilar telja að endurskoða þurfi í lögum.

4. Fyrirhugað samráð.

Fyrirhugað er að eiga samráð við verkefnisstjórn landsáætlunar til að gæta að skörun við þá vinnu. Áform og síðar drög að frumvarpi verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda og haft verður samráð við helstu hagsmunaaðila. |

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

Liggur ekki fyrir.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Nei.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Samvinna við þá aðila sem breytingarnar varða. Gera má ráð fyrir að einhverjar vikur þurfi til undirbúnings og aðlögunar.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Góð samvinna við réttindagæslu fatlaðs fólks, sérfræðiteymi, undanþágunefnd, sveitarfélög, ráðuneyti og aðra aðila sem breytingarnar varða.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Liggur ekki fyrir.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.